

Ed.

370. Frumvarp til laga

[209. mál]

um breyting á lögum nr. 94 20. maí 1976 um skráningu og mat fasteigna, sbr. lög nr. 27 23. maí 1980 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

2. mgr. 23. gr. orðist svo:

Nefndina skipar fjármálaráðherra þremur mönnum og þremur til vara úr hópi tíu manna, sem Hæstiréttur tilnefnir. Skipunartími nefndarinnar skal vera frá 15. maí til jafnlengdar að þremur árum liðnum.

2. gr.

Aftan við lög in bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, nr. VI, er orðist svo:

Yfirfasteignamatsnefnd skv. 23. gr., eins og henni er breytt með lögum þessum, skal í fyrsta sinn skipuð frá 15. maí 1983. Skipun fyrri nefndar fellur niður frá og með þeim degi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samræmi við nýskipan á skráningu og mati fasteigna, sem mælt var fyrir um með lögum nr. 94/1976, var skipuð ný yfirfasteignamatsnefnd haustið 1976 eftir gildistöku þeirra laga. Nefndin er skipuð þrem mönnum og þrem til vara úr hópi tíu manna, sem Hæstiréttur tilnefnir. Skipunartími er þrjú ár, sbr. 23. gr. laganna. Upphafstími skipunar er ekki tilgreindur í lögnum, en í hana var í fyrsta sinn skipað frá og með 15. október 1976. Nefndin hefur verið skipuð tvisvar eftir þetta, síðast haustið 1982.

Hlutverk yfirfasteignamatsnefndar er m. a. að ákveða framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna, sbr. 26. gr. laganna. Þessi ákvörðun er tekin í nóvembermánuði, en mikil undirbúningsvinna er unnin í nefndinni á tímabilinu ágúst — október ár hvert.

Við endurskipun nefndarinnar hefur komið í ljós, að mjög óheppilegt er að ný nefnd taki við þegar undirbúningur að nýju fasteignamati stendur sem hæst. Í raun er illmögulegt fyrir nýja menn að setja sig inn í þau umfangsmiklu heimildargögn, sem liggja að baki nýjum framreikningi, á þeim skamma tíma sem líður frá því umboði gömlu nefndarinnar lýkur og þar til nýr framreikningur skal liggja fyrir í nóvembermánuði. Nauðsynlegt þykir að fenginni reynslu að koma því svo fyrir að skipunartími nýrrar nefndar falli ekki saman við framreikning nýs fasteignamats, svo sem nú er. Hæfilegt þykir að skipunartími miðist við 15. maí.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við og með samþykki núverandi yfirfasteignamatsnefndar.